

32. fundur hjá æskulyðs-og íþróttanefnd 2. mars. 2009

Mættir eru:

Katrín Pálsdóttir, Margrét Ísleifsdóttir, Einar Gunnarsson, Gísli Sveinn Grétarsson, Sigurður Már Sigurðsson, Ingi Ingason, Vignir Sveinsson, Sigurður Ágúst Þorvaldsson

1. Skýrslur forstöðumanna.

Félagsmiðstöðin X-ið. Gengur vel. Mikið verið um að vera, öskudagsball, Stíll, og fl. Farið var á samfélsballið, 38 krakkar og 3 fullorðnir. gekk mjög vel. Verið er að vinna í því að félagsmiðstöðin verði flutt í gamla pósthúsið. Könnun var gerð meðal krakkana vegna dræmrar mætinga í miðstöðina. Krakkarnir vilja t.d. fleiri skipulagða atburði. Búin að fara yfir forvarnastefnuna og gera e-h athugasemdir.

Íþróttamiðstöð. 20 krakkar mættu á vegum TBR í æfingabúðir fyrstu helgina í febrúar, gekk mjög vel, annar hópur væntanlegur á næstunni. Krakkar í Ólafsvík voru hér í æfingabúðum í sundi. Reiknað með að meiri aðsókn verði í þetta í vor. Öskudagsball gekk vel. Engin fjölliðamót hafa verið hér eftir áramót. Væntanlegt er námskeið í ungbarnasundi ef þáttaka verður næg, kemur kennari að sunnan. Unnið er að leiðum til sparnaðar t.d. með rafmagnið og heita vatnið í samvinnu við rafvirkja og pípara. Aðsókn í sundlaug í jan og feb var 4890 manns en var á sama tímabili í fyrra 4040. Búið er að ráða í sumarafleysingar í sumar eina stelpu og einn strákr. Uppsetning á brunakerfi hefst í maí.

2. Önnur mál

Búið er að fá þrjá aðila í ungmennaráð bæjarins, enn vantar tvo.

Nefndin er sammála um að endurskoða eigi hvernig valið er í ungmennaráð.

Tillaga kom fram um að ekki eigi að velja í ungmennaráð út frá pólitík, þ.e. að meirihluti velji þrjá en minnihluti tvo. Að þetta eigi að vera óbundið flokkum og á að snúast um hæfa og áhugasama krakka. Þessari tillögu er vísað til bæjarstjórnar/bæjarráðs

Tillaga frá Vigni, sparnaður fyrir sumarið að stytta opnunartíma sundlaugarinnar yfir sumarið, í t.d frá 11-18, á laugardögum og sunnudögum, stytta um 2 tíma á dag þessa daga. Þessari tillögu er vísað áfram til bæjarstjórnar/bæjarráðs.

Sign

Margrét Ísleifsdóttir

Katrín Pálsdóttir